

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. október 2014.


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ívilnanir til nýfjárfestinga á Íslandi,
11. mál.**

Samtök iðnaðarins taka undir það að afar mikilvægt sé að örva og efla fjárfestingu í atvinnurekstri á Íslandi með því að tilgreina með gegnsæjum hætti í lögum hvaða heimildir stjórnvöld hafa til að veita skilgreindar ívilnanir til fjárfestingaverkefna. SI styðja því að sett verði lög sem skapa ramma um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi.

SI taka hins vegar undir gagnrýni Íslandsstofu við frumvarpið, sem sendar voru Alþingi 20. október 2014. Þar er m.a. bent á nokkra ágalla sem ekki voru í fyrri löggjöf um ívilnanir auk þess sem ekki virðist að neinu marki hafa verið tekið tillit til reynslunnar af beitingu löggjafarinnar allt frá 2010 og hvernig hún hefur komið að gagni við að efla samkeppnishæfni Íslands almennt.

Að öðru leyti vísast nánar um þá gagnrýni til umsagnar Íslandsstofu.

SAMTÖK IÐNAÐARINS



Sigurður B. Halldórsson, hrl.